



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 3. mars 2017

USK2016090038

5.2

Borgarráð

***Miklubraut við Klambratún - Strætórein, stígar og hljóðvarnir.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna nýrrar forgangsakreinar fyrir Strætó á Miklubraut við Klambratún, lagningu á nýjum göngu- og hjólastígum auk hljóðvarna.

Um er að ræða samstarfsverkefni með Vegagerðinni og Veitum ohf. Kostnaðaráætlun 2 vegna hluta Reykjavíkurborgar er 170 mkr. Áætlaður framkvæmdatími er maí - október 2017.

Greinargerð:

Gerð verður ný forgangsakrein fyrir Strætó á Miklubraut til austurs milli Rauðarárstígs og Lönguhlíðar. Lokað verður fyrir akstur inn á Miklubraut frá Reykjahlíð og komið fyrir biðstöð Strætó þar sem nú eru gatnamót Reykjahlíðar og Miklubrautar. Beggja vegna Miklubrautar verða gerðar hljóðvarnir. Norðan Miklubrautar við Klambratún verður svo komið fyrir nýjum göngu- og hjólastígum sem eru skilgreindir stofnstígar skv. aðalskipulagi Reykjavíkur. Framkvæmdin myndar stofn til gatnaleigu vegna kostnaðarhluta Reykjavíkurborgar.

Kostnaðaráætlun 2: 170 mkr. (hluti Reykjavíkur).

Kostnaðarstaður 3102. Strætó forgangur og úrbætur : 150 mkr.

Kostnaðarstaður 3106. Göngu- og hjólastígar: 20 mkr.

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:  
Kynning

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



## MIKLABRAUT VIÐ KLAMBRATÚN strætórein, hljóðvarnir og stígar



# MIKLUBRAUT VIÐ KLAMBRATÚN

## LÝSING Á FRAMKVÆMD:

- Strætórein á Miklubraut til austurs milli Rauðarárstígs og Lönguhlíðar.
- Hjólastígur norðan við götu meðfram Klambratúni.
- Hellulagt torg á gatnamótum Reykjahlíðar og húsagötu við Miklubraut.
- Biðstöðvar strætó flytjast aðeins til og verða endurgerðar.
- Hljóðvarnir meðfram Miklubraut. Veggur úr grjótkörfum að norðanverðu og steypur veggur að sunnanverðu.
- Gróður í miðeyju Miklubrautar og við stíga meðfram Klambratúni.
- Götulýsing endurnýjuð eftir þörfum ásamt því að unnið verður við endurnýjun á veitulögnum.



Íjóm.: Hreinn Magnússon




# MIKLABRAUT VIÐ KLAMBRATÚN



- Áætlaður heildarkostnaður er 350 millj.kr.
- Hlutur Reykjavíkur er 170 millj.kr.



# MIKLABRAUT VIÐ KLAMBRATÚN




- Áætlaður framkvæmdatími er frá maí til október





# UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



# TAKK FYRIR

